

Mánudaginn 23. september 1996.

Nr. 359/1996.

Tollstjórinn í Reykjavík

(Gunnar Ármannsson ftr.)

gegn

Þorláki Ómari Einarssyni

Kærumál. Kæruheimild. Gjaldþrotaskipti. Frávísun máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 23. sama mánaðar. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjaness 13. september 1996 um að þingfesta sérstakt mál til að leysa úr þeim ágreiningi málsaðila, hvort bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og krafa sín um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila tekin til úrskurðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hinnar kærðu ákvörðunar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með beiðni 22. júlí 1996 krafðist sóknaraðili gjaldþrotaskipta á búi varnaraðila. Beiðnin var fyrst tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjaness 13. ágúst sl. og frestað til 13. næsta mánaðar samkvæmt sameiginlegri ósk aðila. Við fyrirtöku beiðninnar þann dag var andmælt kröfu sóknaraðila, en lögmaður varnaraðila hafði gert um það áskilnað í fyrra þinghaldi, að vörnum yrði haldið uppi gegn henni. Héraðsdómari tók í kjölfarið hina kærðu ákvörðun um þingfestingu ágreiningsmáls.

Samkvæmt 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. sæta úrskurðir og ákvarðanir héraðsdómara eftir lögunum kæru til Hæstaréttar að því leyti, sem þar er ekki mælt fyrir á annan veg. Þó verða ekki kærðir til Hæstaréttar úrskurðir eða ákvarðanir, sem ganga undir rekstri máls og myndu ekki sæta kæru, ef um væri að ræða einkamál eftir almennum reglum. Í 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er ekki að finna heimild til að kæra ákvörðun dómara um þingfestingu máls. Því skortir heimild fyrir

málskoti þessu, og verður kærú sóknaraðila vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.
